


Lokahús við Víðiteig

Deiliskipulag



DEILISKIPULAGSUPPRÁTTUR 1:750



SKÝRINGARMYND, HORFT ER Á HÚSIÐ FRÁ AÐKOMU FRÁ VÖLUTEIG

GREINARGERÐ

1 INNGANGUR

Deiliskipulag fyrir Lokahús við Víðiteig tekur til um 446 m² lóðar þar sem gert er ráð fyrir lokahúsi vatnsveitu. Lóðin er staðsett á milli athafnasvæðis við Meltún og íbúðarbyggðar í Teigahverfi. Aðkoma að svæðinu er um athafnalóð við Völuteig 19. Við skipulagssvæðið er í gildi deiliskipulag fyrir reiðleið í Mosfellsbæ, samþ. 24.05.2006.

Innan lóðar verður mannvirki sem hýsir loka auk rafmagns og stýriskápa. Almennt er mannvirkið ómannað og fylgst verður með búnaði í gegnum fjarvöktun. Búast má við að 1-2 starfsmenn líti eftir búnaði og mannvirki á 2-3 mánaða fresti í 2-3 daga í senn á dagvinnutíma.

Lóðin er stofnuð á svæði sem í Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 er skilgreint sem óbyggt svæði innan þéttbýlis. Fyrirhugað lokahús er hluti af grunnkerfi bæjarins og í samræmi við skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er heimilar mannvirkjagerð tengda innviðum og í samræmi meginmarkmið Aðalskipulags Mosfellsbæjar 2011-2030 sem segir að veitur bæjarins skuli tryggja nægjanlegt framboð af góðu vatni til neyslu og hitunar.

2 DEILISKIPULAGSSKILMÁLAR


Stofnuð er 446 m² lóð. Heimilt er að reisa allt að 70 m² mannvirki fyrir lokahús með þeim búnaði sem starfsemin þarfnast. Mænishæð er allt að 3,5 m miðað við gólfkóta.


Aðkoma að lóðinni er frá akfærum göngustíg meðfram Völuteig 17-19. Fyrir framan byggingu er plan þar sem bílar geta lagt. Mannvirkið er á tveimur pöllum.

Gengið er inn í tæknirými fyrir rafmagns- og stýriskáp á efri palli byggingarinnar, í hæð við planið að framan. Þaðan er gengið niður á neðri pall þar sem er lokarými.

Mannvirkið er að mestu niðurgrafið í hlíð en framhliðin í suðaustur er sýnileg. Stoðveggir verða sýnilegir við framhlið en jarðvegur verður aðlagður upp að þeim til að hús falli sem best inn í landið. Gert er ráð fyrir að stoðveggur nái í um 1,2 m hæð yfir hús og nýtist sem fallvörn þar sem hægt verður að ganga upp á yfir bygginguna.

SKÝRINGAR

-  Mörk deiliskipulagsreits
-  Lóðarmörk
-  Byggingareitir húsa
-  Núverandi byggingar
-  Nýjar byggingar
-  Gata
-  Gangstétt
-  Reiðstígur
-  Aðkoma að lóð



AÐALSKIPULAG MOSFELLSBÆJAR 2011-2030

SAMPYKKTIR

Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 með síðari breytingum var samþykkt í skipulagsnefnd þann _____
og í bæjarstjórn Mosfellsbæjar þann _____
Tillagan var auglýst frá _____
með athugasemdafresti til _____

f.h. Mosfellsbæjar

Auglýsing um gildistöku skipulagsins
var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____



SNÍÐ TIL SKÝRINGAR

3 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Deiliskipulagið fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Lokahúsið er hluti af innviðum veitukerfa og því mikilvægt fyrir bæjarfélagið. Helstu áhrif þess eru á ásýnd svæðis en skilmálar og aðlögun að landinu tryggja að ásýndaráhrif þess séu takmörkuð. Lokahúsið verður að hluta til niðurgrafið og samsvarar umhverfinu vel. Gert er ráð fyrir að stoðveggir ofan á byggingu nýtist sem fallvörn þar sem svæðið er nýtt til útiveru.

Kortagrunnur:

Skipulagsuppráttur er teiknaður í kortagrunni sveitarfélagsins.



Lokahús við Víðiteig
Mosfellsbær
Deiliskipulag

SKJALALYKILL:	BLADSTÆRÐ:	UNNID:	RÝNT:
102833	A2	BRE/ABH	IS
MÆLIKVARÐI:	DAGS:	DAGS.BREYTT:	
1:750	11.04.2024	---	

SAMPYKKT: **TILLAGA**